

Í fámennum skólum þar sem aldursflokkar í 1. - 8. bekk eru saman í deildum skal miðað við að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir

12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir

17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír

22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu ekki færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekk skólans. Til þess að 9. og 10. bekk verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Í fámennum skólum þar sem nemendur í 1. - 8. bekk eru saman í deildum, skal miða við að heildarstundafjöldi og innbyrðis hlutföll milli námsgreina séu sem næst því sem segir í 2. og 3. gr.

11. gr.

Kennsluáætlanir skóla samkvæmt reglum þessum skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

1. gr.

Í sveitarfélagi þar sem metin hefur verið hætta á ofanflóðum gerir sveitarstjórn tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggja á samkvæmt aðalskipulagi. Tillögunum fylgi teikningar, uppdrættir og aðrar upplýsingar þannig að meta megi gæði og varnaðaráhrif varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnarvirkni eru talin breyta um mörk hættusvæða, og útreikningar því til stuðnings. Upplýsingar um tölu og tegund fasteigna sem á að verja skulu enn fremur fylgja.

Varnarvirki skulu að jafnaði reist nema kostnaður við gerð þeirra sé talinn hærri en kostnaður við kaup eða flutning húseigna, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera tillögu um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki ef það er talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Tillögunum fylgi kostnaðaráætlun þar sem gerður er samanburður á kostnaði við kaup eða flutning á húsum og kostnaði við gerð varnarvirkja.

3. gr.

Tillögur sveitarstjórna skv. 1. og 2. gr. skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins sem fara yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og sannreyna gildi þeirra. Almannavarnir skulu

hafa tekið afstöðu til tillögu innan átta vikna frá því hún barst nema mál sé sérstaklega umfangsmikið og skulu Almannaþingarnir í því tilviki tilkynna sveitarstjórn um það fyrirfram og hversu langan tíma vænta megi að meðferð Almannaþinganna muni taka.

Tillögur öðlast gildi að fengnu samþykki Almannaþinganna ríkisins og staðfestingu félagsmálaráðherra.

4. gr.

Sveitarstjórnir annast framkvæmdir við gerð varnarvirkja og samninga um kaup eða flutning á húseignum í samræmi við staðfestar áætlanir. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um framkvæmd eignarnáms fer samkvæmt lögum um það efni, nr. 11/1973.

Framkvæmdir við varnarvirki skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Almannaþingarnir ríkisins skulu fylgjast með framkvæmdum við varnarvirki.

5. gr.

Oflanflóðasjóði er heimilt að greiða allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, kaup á löndum, lóðum og húseignum og kostnaði við flutning húseigna.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun að fengnum tillögum Almannaþinganna ríkisins. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Greiðslur ofanflóðasjóðs miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkana á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði. Rísi ágreiningur um hvað sé markaðsverð samkvæmt framansögðu getur húseigandi, sveitarfélag eða ofanflóðasjóður leitað álits dómkvaddra matsmanna. Þeir skulu vera tveir og tilnefndir hverju sinni af héraðsdómi í því umdæmi þar sem húseign er.

Heimilt er að miða greiðslur sjóðsins við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar kaupverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu við brunabótamat húseignar og kostnað vegna nýrra gatnagerðargjalda. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð skal miða við endurstofnverð.

Náist ekki samningar milli sveitarfélags og húseiganda þannig að til eignarnáms kemur miðast greiðslur sjóðsins við fjárhæð eignarnámsbóta.

Greiðslur skulu inntar af hendi til sveitarfélags samkvæmt samkomulagi Almannaþinganna ríkisins og sveitarfélags. Sveitarfélögin annast greiðslur til húseigenda.

7. gr.

Oflanflóðasjóður greiðir ekki kostnað vegna kaupa á löndum og lóðum nema það sé nauðsynlegt vegna bygginga varnarvirkja.

8. gr.

Greiðslur ofanflóðasjóðs vegna flutnings á húseignum miðast við kostnað við flutninginn og kostnað við að koma húsi fyrir á nýjum stað enda hafi verið leitað hagkvæmstu leiða í því sambandi. Sjóðurinn greiðir ekki vegna kaupa á húseign sem unnt er að flytja nema flutningskostnaður sé metinn hærri en kaupverð.

9. gr.

Eigandi keyþra húseigna er viðkomandi sveitarsjóður. Hann ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húseigna og getur tekið ákvörðun um að hús skuli eyðilagt. Ofanflóðasjóður endurgreiðir ekki kostnað sem leiðir af 1. mgr.

10. gr.

Nýting keyþra húseigna er háð samþykki Almannaþingar ríkisins og lögreglustjóra. Sveitarfélagi er óheimilt að selja húseign sem keypt hefur verið nema með leyfi Almannaþingar ríkisins. Ef sala er heimiluð skal andvirði sölunnar renna til ofanflóðasjóðs í sömu hlutföllum og greiðsluhlutur sjóðsins var.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 14. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerð þessi skal tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996 með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hennar.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1995.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við austurbrún Skíðabrautar, Hafnarbrautar og Gunnarsbrautar.
2. Sognstún verður lokað fyrir gegnumakstri.

Fyrirnefndar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með umferðarmerkjum og merkingum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. ágúst 1995.

Elías I. Eliasson.